



Fundargerð 45. fundar
skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga

09.09.09

0504189SA

Tilv.: 330

Þriðjudaginn 8. september 2009 kl. 10:00 kom skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til 45. fundar að Borgartúni 30, 5. hæð, í Reykjavík.

Fundinn sátu: Kristín Hreinsdóttir, Gunnar Einarsson, Gunnar Gíslason og Ragnar Þorsteinsson.

- 1. Fulltrúar úr Skólamálaráði KÍ til fundar við skólamálanefnd.** Á fundinn komu Elna Katrín Jónsdóttir, formaður skólamálaráðs KÍ, Inga María Friðriksdóttir og Kristín Jónsdóttir fyrir FG og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir fyrir SÍ. Til umræðu var mögulegt samstarf á grundvelli rannsóknaniðurstaðna og úttekta sem varða skólastarf. Rætt var um nýjar TALIS niðurstöður, McKinsey skýrsluna, nýja úttekt á lestrarkennslu, PISA og fleiri slík gögn í þessu samhengi. Fundarmenn voru sammála um að skort hefði á markvissa eftirfylgd slíkra upplýsinga út til skólanna og umræðu um möguleika á hagnýtingu slíkra niðurstaðna inn í skólastarf. Ákveðið var að KÍ og sambandið myndu í sameiningu senda út til skóla, sveitarstjórna, skólanefnda og annarra hagsmunaaðila hvatningu þess efnis og kynningarpakka sem auðvelda myndi skólunum að kynna og ræða þessi mál innanhúss. Þá kom fram vilji hjá fundarmönnum til þess að koma á fót skipulegum samráðsvettvangi milli sambandsins og KÍ vegna skólamála, sbr. það samstarf sem átti sér stað um mótun framtíðarsýnar fyrir grunnskólann til 2020, setja þyrfti upp langtímaáætlun í því skyni. Skoða þarf hvernig hinar ýmsu rannsóknaniðurstöður tengjast innbyrðis og eiga m.a. erindi inn í vinnu við skipulag og þróun símenntunar. Koma þarf af stað ákveðnum umbótum í samráði kennarastéttarinnar og annarra ábyrgðaraðila. Skólamálafulltrúi setur upp drög að bréfi og vinnur málið áfram í samráði við fullrúa KÍ.
- 2. Nýjar reglur um skólaakstur.** Fræðslustjórinn í Reykjavík óskaði eftir umræðu um nýjar reglur um skólaakstur, sér í lagi ákvæði 2. gr., 2. mgr.: *“Þegar um er að ræða tímabundna vistun fósturbarns, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla, ber lögheimilissveitarfélag kostnað af skólaakstri.”* Á fundinn kom Jón Ingi fjármálastjóri menntasviðs Rvk og Guðjón og Tryggvi af lögfræðisviði sambandsins. Ljóst er að viðmiðunarreglur sambandsins um grunnskólavist utan lögheimilissveitarfélags þarfnast endurskoðunar í ljósi nýrra laga. Skoða þarf aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að greiðslum vegna skólaakstur og lögheimilissveitarfélag verði einungis gert að greiða viðbótarkostnað sem hlýst af akstri fósturbarns í viðtökusveitarfélagi. Lögfræðisvið í samráði við skólamálanefnd mun vinna að endurskoðun viðmiðunarreglanna með þetta í huga m.a.
- 3. Endurtekning könnunar frá feb. '09 um hagræðingu og sparnað í svf. v/ leik- og grunnskólareksturs.** Skólamálanefnd fór yfir breytingar og viðbætur á

könnuninni sem senda á út að nýju á næstu dögum svo fá megi skýra mynd af stöðu þessara mála í dag til samanburðar við stöðuna í vetur. Skólamálanefnd leggur til við stjórn sambandsins að beiðni þess frá 6. apríl á fundi með menntamálaráðherra um tímabundna heimild til að víkja frá 28. gr. grunnskólalaga um vikulegan kennslutíma og fjölda skóladaga verði tekin upp aftur. Nú sé svo komið að ganga verður næsta skref í hagræðingaraðgerðum, sveitarfélögin hafi nýtt flesta aðra möguleika.

4. **Upplýsingatækni – opin hugbúnaður.** Haukur Arnþórsson kom á fundinn og ræddi m.a. um framtíð hugbúnaðarlausna fyrir grunnskólann, "Open Source" eða ókeypis, opin hugbúnaðarkerfi og mikilvægi þess að taka vitrænar, markvissar og hagkvæmar ákvarðanir í þessum efnum. Fram kom að á Akureyri er farið að huga að slíkum lausnum fyrir grunnskólann og nú þegar væri VMA kominn með slíkan hugbúnað og sparaði töluverðar fjárhæðir sem áður fóru í leyfisgjöld til Microsoft.
5. **Skólaþing 2009.** Á fundinn kom nýráðinn verkefnisstjóri í skólamálam, Björk Ólafsdóttir og tók þátt í fundarstörfum. Farið yfir stöðu undirbúnings. Fulltrúar, FG, FT, FL og SÍ hjá KÍ og frá Heimili og skóla hafa tekið vel í að halda erindi á skólaþinginu á grundvelli áherslna þingsins og taka virkan þátt í umræðum. Varðandi erindi sveitarfélaga, féllst Gunnar Gíslason á að taka það að sér. Hann mun leggja áherslu á möguleika og tækifæri sem leynast til þess að gera enn betur í skólastarfi þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Óskað hefur verið eftir að menntamálaráðherra haldi erindi og verið að skoða aðkomu kennaramenntunarstofnana að þinginu jafnframt. Þá verður óskað eftir að sveitarfélög kynni skólaþróunarverkefni eins og á fyrra þingi 2007. Skólamálafulltrúi ber ábyrgð á undirbúningi skólaþings.
6. **Önnur mál (12:15)**
 - Boð á ráðstefnuna Heildstæð menntunarstefna: mrn. og norr. ráðh.nefndin
 - Bréf frá skólaráði Laugarnesskóla lagt fram til kynningar: Vetrarleyfi í grunnskólum

Fundi slitið kl. 13:03

Næsti fundur boðaður 13. október 2009 kl. 10:00

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

09.09.09

Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi